

Vikufréttir

Vika 51 (16.12 – 20.12. 2019)

Mánudagur

- ✓ Ævar Þór Benediktsson les fyrir 4. til 7. bekk. Í Salnum kl. 10:00
- ✓ Guðni Líndal Benediktsson les fyrir 1. til 3. bekk. Á bókasafninu kl. 10:00
- ✓ Sameiginlegt jólaföndur á miðstigi kl. 11 – 14
- ✓ Tarzanleikur allir saman í leikfimi, ekkert sund 1., 4., 5., 6., 7. og 8. bekkur

Þriðjudagur

- ✓ Tarzanleikur allir saman í leikfimi, 2., 3., 4., 9. og 10. bekkur / allir saman í sund í 1. og 8. bekk.
- ✓ Félagsvist á unglíngastigi kl. 10:00 – 11:40
- ✓ Sigríður Eva hjúkrunarfræðingur verður með endurlífgunarnámskeið í 6. bekk
- ✓ Starfsmannafundur – jólaskipulag kl. 14:30

Miðvikudagur

- ✓ Allir saman í sund í 2., 4., 5., 6., 7., 9. og 10. bekkur

Fimmtudagur

- ✓ Allir saman í sundi í 3. bekk aðrir saman í leikfimi 2., 5., 6., 9. og 10. bekkur
- ✓ Kósýdagur hjá unglíngastiginu, sparínesti og horfum á jólamyndir. Má koma í kósýgalla og/eða náttfötum

Föstudagur

- ✓ Jólagleði. Nemendur mæta í skólann kl. 9.00 og eiga stofujól með sínum umsjónarkennara, samnemendum og nánasta samstarfsfólki. Skólabíll að morgni innanbæjar verður í Sandvík um 8.45 og fer skólabílshringinn
- ✓ Jólaskemmtun í íþróttahúsinu hefst kl.10.30 og eru allir velkomnir að njóta með okkur.

Dagskrá

- Helgileikur 3. bekkur og 4. bekkur í kór
- Atriði 6. bekkjar
- Atriði 10. bekkjar
- Dansað í kringum jólatré
- Heimferð um 11. 40

Skólabílar fara kl. 11.40 frá íþróttahúsinu bæði í sveitirnar og um bæinn.

Annað: Kæru foreldrar, við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Skóli hefst aftur á nýju ári mánudaginn 6. janúar. Starfsdagur er hjá starfsfólki skólans 3. janúar.

Að loknu jólaútlvarpi

Nú er að ljúka útsendingu á jólaútlvarpinu hjá okkur þetta árið. En Útlvarp Óðal 101,3, jólaútlvarp Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi, er árviss viðburður á adventunni og ómissandi liður í jólaundirbúningi í Borgarbyggð allt frá árinu 1992. Síðustu ár hefur einnig verið sent út á netinu þannig að hvar sem er í veröldinni má hlusta á útlvarpið og á Fm Óðal góðan hlustendahóp víða um lönd.

Í Grunnskólanum í Borgarnesi eru allir nemendur skólans þátttakendur í verkefninu og tekur undirbúningur jólaútlvarpsins þrjár til fjórar vikur. Nemendur yngri bekkja gera sameiginlegan bekkjarþátt og fær hver bekkur úthlutað einum klukkutíma til útsendingar.

Nemendum í 8.–10. bekk gefst kostur á að vera með þátt í beinni útsendingu. Enginn fær þó að fara óundirbúinn í beina útsendingu, allir verða að skila inn handriti til kennara. Undirbúningur þáttanna fer allur fram í skólanum, íslenskukennarar bekkjanna stýra þeirri vinnu og er jólaútlvarpið sérstakur liður í íslenskunáminu.

Nemendur sjá einnig um fréttaflutning og í hádeginu er tekinn púlsinn á bæjarlífinu, fluttar fréttir dagsins ásamt íþróttafréttum. Hápunktur fréttastofunnar er síðan þátturinn „Bæjarmálin í beinni“ sem er sendur út í hádeginu síðasta útsendingardaginn og enginn má missa af. Þar mæta góðir gestir til viðræðna við fréttamennina og málefni nærsamfélagsins eru þá rædd.

Hitann og þungann af vinnu við undirbúning og útsendingar útlvarpsins ber stjórn Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi ásamt tæknimönnum sem sjá um öll tæknimál. Það krefst mikillar vinnu og leggja krakkarnir nótt við dag til þess að láta allt ganga upp. Þarna fer fram mikið og fjölbreytt nám við framkvæmd þessa verkefnis, nám fyrir tæknimenn, nám í íslensku, handritsgerð og framsögn og þjálfun í að koma fram. Auk þess sem hér er um mjög skemmtilegt verkefni að ræða sem setur sterkan svip á bæjarlífið og jólaundirbúninginn. Ekki er hægt að segja annað en að vel hafi tekist til þetta árið og margir skemmtilegir og jafnframt fróðlegir þættir verið sendir út.

Við viljum þakka öllum þeim sem komu að þessu verkefni fyrir þeirra þátt, nemendum sem voru með þætti, þeim sem voru tæknimenn eða fréttamenn, Sissa fyrir aðstoð við upptökur, öllum þeim viðmælendum og gestum sem til krakkanna komu, öðru starfsfólki og styrktaraðilum.



Stjórn NFGB ánægð með vel unnið verk að loknu jólaútlvarpi

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir